



## **Banaslys 19.10.2006**

Berufjörður

Útafakstur og velta

Látinn 44 ára karlmaður

Tími sólarhrings: Kvöld

### **Lýsing á slysi**

Bifreið var ekið á þjóðvegi 1 vestur Berufjörð áleiðis til Breiðdalsvíkur seint að kvöldi. Nokkur hundruð metrum eftir að malbikað slitlag endar við bæinn Lindarbrekku missti ökumaður bifreiðarinnar stjórn á henni og fór út af veginum hægra megin. Bifreiðin valt nokkrar veltur og hafnaði að lokum á hjólunum ofan í skurði sem liggur samhliða veginum.

Vegurinn liggur í mjúkri vinstri beygju niður aflíðandi brekku þar sem slysið átti sér stað. För í vegkanti bentu til þess að ökumaðurinn hafi reynt að beygja inn á veginn aftur eftir að hann var kominn út á fláann við vegöxlina. Við það hefur bifreiðin farið að skriða þversum, oltið niður fláann og endaði ofan í skurði skammt frá. Bifreiðin kastaðist yfir girðingu sem stendur við hliðina á skurðinum og sáust ekki ummerki á henni eftir slysið. Af því má dæma að ökutækið hefur kastast yfir girðinguna og fallið ofan í skurðinn af talsverðu afli.

Ökumaðurinn var spenntur í öryggisbelti og bar sig vel miðað við aðstæður eftir slysið. Vegfarandi ók manninum til Djúpavogs til skoðunar á heilsugæslustöðinni þar. Enginn læknir var á staðnum en sjúkraflutningamenn gerðu að sárum hans og óku honum á heilsugæsluna á Egilstöðum. Vitna þeir til að maðurinn hafi verið vel við meðvitund og borið sig vel, kvartað einungis yfir höfuðverk. Við skoðun læknis þar kom einungis fram að ökumaðurinn hafi hlotið skrámur og smávægileg sár víða um líkamann.

Fór hann svo um borð í Norrænu í Seyðisfirði um kvöldið. Í Norrænu var maðurinn sagður talsvert ölvaður um eitt leytið um nóttina þegar honum var hjálpað í koju af ókunnugum herbergisfélögum sínum. Bera þeir við að maðurinn hafi hrasað inni á salerni. Rétt fyrir hádegi daginn eftir fannst hann látinn í rúmi sínu, rúmlega sólarhring eftir bílveltuna.

Fram kemur í krufningaskýrslu að miltað hafi rofnað og blætt hafi inn í kviðarhol. Slík blæðing getur verið síðkomin, þ.e.a.s. getur gerst nokkru eftir slys. Áður en slík blæðing verður geta einkenni verið lítil eða engin svo að jafnvel vanur læknir nær ekki að greina neitt óeðlilegt við skoðun. Skýring þessa er sú að utan um miltað er hylki (capsula) úr bandvef og fyrir kemur, að miltað rofnar en hylkið ekki og verður blæðing þá aðeins takmörkuð. Síðar getur bandvefshylkið sprungið og blæðir þá út í kviðarholið og þá oft ótæpilega. Aukast þá öll einkenni að sama skapi, bæði sársuki og teikn um lost við blóðmissinn. Við rannsókn á ökutækinu kom í ljós að ökumaðurinn hafði stillt sætið mjög framarlega. Ekki er óvarlegt að álykta af atvikum við slysið að högg hafi komið á kviðinn þrátt fyrir að ökumaðurinn hafi verið með bílbeltið spennt. Sennilegt er að bandvefshylkið hafi svo sprungið við byltu um borð í ferjunni. Að þessu er þó einungis hægt að leiða líkum en ekki verður um það fullyrt svo óyggjandi sé.

Bifreiðin var skoðuð af bifvélavirkja og leiddi sú skoðun ekkert óeðlilegt í ljós varðandi búnað bifreiðarinnar sem gæti hafa valdið slysinu.

### **Orsakagreining**

- Ökumaður missir stjórn á bifreiðinni þegar bundnu slitlagi lauk og við tók lausamöl.

### **Álit Rannsóknarnefndar umferðarslysa**

Það er mat Rannsóknarnefndar umferðarslysa að þeir áverkar sem ollu andláti mannsins hafi að öllum líkindum stafað af umferðarslysinu ásamt hnjaski sem hann fékk um borð í ferjunni.

**25.06.2007**

**Rannsóknarnefnd umferðarslysa**